

## Stjórnarfundur 7. maí 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Mariánn Gunnarsdóttir, Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir og Sigurbjörn Þórmundsson

*Málefni tekin fyrir:*

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

### 2. Reykjavíkurmeistaramót

Mótanefnd hefur unnið vel að allri skipulagningu og er allt að verða klárt fyrir mótið sem hefst á morgun, þriðjudag 8. maí. Fjöldatakmörkun skráninga í hvern flokk gafst ekki eins vel og áætlað var og því þarf að endurskoða framkvæmd þess á næsta ári.

### 3. Mótanefnd

Mótanefnd leggur til að vetrarleikar verði framvegis haldnir innanhús jafnt sem utanhúss eftir því sem hentar hverju sinni. Stjórnin ber fullt traust til mótanefndar og veitir henni fullt vald til að taka ákvarðanir um það.

### 4. Brekknaás 9

Rætt um mögulega leigutaka og áhugasama rekstraraðila að Brekknaási 9. Fákur fær húsnæðið afhent á næstu dögum.

### 5. ÍBR – hjólamaraþon

Hjörtur átti fund með forsvarmönnum ÍBR á dögunum. Hjörtur samþykkti fyrir hönd Fáks áætlanir þeirra um hjólamaraþon sem myndi byrja og enda í Víðidalnum þann 1. júní nk..

### 6. Félagshesthúsið – Fákar og fjör

Karen hefur lýst yfir áhuga á að halda áfram með Fáka og fjör prógrammið í félagshesthúsinu í haust. Stjórnin er mjög jákvæð gagnvart áframhaldandi samstarfi.

### 7. Umhverfisnefnd í Almannadal

Rætt um framkvæmdir í Almannadal og ákveðið í kjölfarið að stofna umhverfisnefnd sem mun sjá um að forgangsraða verkefnum sem þarf að framkvæma og hafa samskipti við Reykjavíkurborg, í samvinnu við Þóri framkvæmdastjóra. Lagt til að í nefndinni sitji Heiðrún fyrir hönd stjórnar Fáks ásamt Guðmundi Jónssyni og Þorgeiri Benediktssyni, húseigendum í Almannadal.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.*

